





# RANGÁRÞING YTRA

## Aðalskipulag 2010-2022 - Frístundasvæði Koti



Aðalskipulag Rangárfings ytra 2010-2022. Staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.



Breytt aðalskipulag Rangárfings ytra 2010-2022. Mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

#### Byggð

- Landbúnaðarsvæði
- Býli / eyðibýli
- Íbúðarsvæði
- Frístundabyggð
- Opið óbyggt svæði

#### Samgöngur

- Tengivegir og héraðsvegir
- Aðrir vegir, eingöngu til skýringar
- Reiðleiðir

#### Veitur

- Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv

#### Vernd

- Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum
- Hverfisvernd vegna fornminja
- Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla
- Vatnsverndarsvæði III, fjarsvæði vatnsbóla

#### Mörk

- Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Rangárfing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárfings ytra 2010 - 2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

##### 1.1 Helstu breytingar

Breytingin tekur til frístundasvæðis í landi Kots og er svæðið á vatnsverndarsvæði í flokki 3.

##### 1.2 Kynning og samráð

Unnin var sameiginleg lýsing, skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sem tók til breytingar í Hallstúni, Koti og Rangárflötum á Hellu. Lýsingin var auglýst í desember 2013, til 3. jan. 2014. Lýsingin var send til umsagnaraðila. Abendingar bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna mengunarhættu á vatnsverndarsvæði. Þá bendir Skipulagsstofnun á að gera þurfi grein fyrir verndarsvæðum og hvernig breyting frístundasvæðis falli að gildandi stefnu sveitarfélagsins. Aðalskipulagsbreytingin verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu áður en sveitarstjórn tekur hana fyrir.

#### 2. BREYTING AÐALSKIPULAGS

##### 2.1 Frístundasvæði

Um 3 ha landspildu í landi Kots er breytt í frístundasvæði (F73). Spildan er eignarland og nær að hluta inn í nútímahraun. Á svæðinu eru nú þegar 2 frístundahús. Heimilt er að hafa allt að 5 frístundalóðir. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Rangárvallaveg (nr. 264), Þingskálaveg (nr. 268) og svonefnda Heklubraut, sem ekki er á vegaskrá en er sumarvegur milli Selsunds og Gunnarsholts.

Í greinargerð, kafla 4.3, bætist við í töflu „F73 Jónskot í landi Kots - Gert er ráð fyrir allt að 3 ha svæði fyrir allt að 5 lóðir“. Á svæðinu eru nú þegar 2 frístundahús.

##### 2.2 Verndarsvæði

Frístundasvæðið er innan vatnsverndarsvæðis III skv. gildandi Aðalskipulagi Rangárfings ytra 2010-2022. Um slík svæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Endanleg útfærsla fráveitu verður unnin í samvinnu við Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, til að tryggja að ekki verði um að ræða mengun á vatnsverndarsvæðinu. Svæðið tekur að hluta yfir nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

#### 3. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

##### 3.1 Lýsing svæðis

Frístundasvæðið er á graslendi í hraunjaðri og nær það að litlum hluta inn í nútímahraun. Heklubraut, sem er sumarvegur er niðurgráfin og oft erfið yfirferðar. Auðveldara er að komast að svæðinu frá Selsundi yfir vetrartímann. Svæðið liggur utan helstu veituleiða s.s. rafmagns- og vatnsveitu.

##### 3.2 Umhverfisskýrsla

Gerð er grein fyrir umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af stefnu skipulagsins eins og sjá má í töflu hér neðar.

#### UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á

VALKOSTIR	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufar og landslag	Heilsa og öryggi	Vernd og minjar
Breytt aðalskipulag	Fjölgun frístundahúsa og meiri viðvera á svæðinu styður við aðra atvinnu, sérstaklega þjónustufyrirtæki.	Frístundabyggð fylgir yfirleitt meiri trjárækt og fjölbreyttari gróður. Byggingar og skógrækt sem iðulega fylgir frístundabyggð hefur sjónræn áhrif.	Breyting á frístundasvæðum hefur engin áhrif á heilsu og öryggi íbúa en almennt bætir bætt aðstaða til útiveru heilsufar.	Svæðið tekur að hluta yfir eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar. Svæðið er á vatnsverndarsvæði III og því verður hugað vel að frárennsli og hættu á mengun.
Aðalskipulag 2010-2022	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Frístundahús eru á svæðinu

Jákvæð áhrif
  Neikvæð áhrif
  Óviss áhrif
  Óveruleg áhrif

#### 4. NIÐURSTAÐA

Breytt aðalskipulag styður við markmið sveitarstjórnar um að frístundabyggð verði sem mest á samfelldum svæðum innan herrar jarðar þannig að vegir og veitur nýtist sem best. Fjölgun frístundahúsa og meiri viðvera fólks á svæðinu styður við aðra atvinnu, sérstaklega þjónustufyrirtæki. Lögð er áhersla á að gengið verði frá fráveitu eins og best má verða og tryggt verði að vatnsverndarsvæði mengist ekki. Þá er minnt á að eldraun njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Rangárfings ytra þann 11.11.2014 og samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 28. nóvember 2014

Lýsing var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Tillagan var kynnt dags. \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella. S. 487 7800  
www.steinsholtsf.is

Hannað: GG, AJ, IS  
Teiknað: IS

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Verk: 8614 SA104

Mkv: 1:50.000

Blaðstærð: A3-

Samþykkt:

Dags: 12.03.2014

Breytt: